

SÝND Í ÁLFABAKKA, KRINGLUNNI, AKUREYRI OG SELFOSSI



SÝND Í ÁLFABAKKA, AKUREYRI OG SELFOSSI



SÝND Í ÁLFABAKKA OG SELFOSSI



SÝND Í ÁLFABAKKA



SÝND Á AKUREYRI



SÝND Í KEFLAVÍK



SÝND Í KEFLAVÍK



SÝND Í KEFLAVÍK



SÝND Á SELFOSSI 19., 20., 21., SEPTEMBER



SÝND Í KEFLAVÍK

SAMBÍÓIN / AKUREYRI		
MIRRORS	kl. 8 - 10:10	B.i. 16 ára
SVEITABRÚÐKAUP	kl. 8	LEYFÐ
DEATH RACE	kl. 10:10	B.i. 16 ára

SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK		
THE ROCKER	kl. 8	B.i. 7 ára
X-FILES: I WANT TO BELIVE	kl. 10:10	B.i. 16 ára
SKRAPP ÚT	kl. 8	B.i. 12 ára
DECEPTION	kl. 10	B.i. 12 ára

SAMBÍÓIN / SELFOSSI		
TROPIC THUNDER	kl. 8	B.i. 16 ára
DEATH RACE	kl. 10:20	B.i. 16 ára
SVEITABRÚÐKAUP	kl. 8	LEYFÐ
THE STRANGERS	kl. 10:20	B.i. 16 ára
MAMMA MIA	Sýnd næst 19., 20., 21. sept.	LEYFÐ

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á NETINU midi.is

Lifandi, félagslegur skúlptúr

Ólafur og Libia ríða á vaðið í nýrri sýningarröð í Hafnarhúsinu

Eftir Helga Snæ Sigurðsson
helgisnaer@mbl.is

ALLIR gera það sem þeir geta. Þetta er ekki staðhæfing blaðamanns heldur yfirskrift sýningar listamannatvíeykisins Ólafs Ólafssonar og Libiu Castro, sem opnuð verður í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi, á morgun. Um leið verður ýtt úr vör nýrri sýningaröð safnsins í A-sal, þar sem ætlunin er að kynna myndlist sem er á „einn eða annan hátt unnin í tengslum við samfélagið og íbúa þess og leita uppi samband og samræður út fyrir veggi safnsins," eins og segir á vefsíðu safnsins.

Libia og Ólafur vöktu mikla athygli á Manifesta myndlistarhátíðinni á Ítalíu í sumar þar sem þau sýndu m.a. myndbandsverk sem fjallar um erlent starfsfólk í umönnunarstörfum og rannsökuðu í verkum sínum flæði vinnuafls, peninga og starfa í heiminum.

Mörg portrett mynda eitt stórt

Það er ekki auðvelt mál að ná viðtali við tvíeykið svo skömmu fyrir opnun sýningar, en það tókst í þriðju tilraun. Það er Libia sem svarar í farsíma Ólafs. „Við verðum með innsetningu í safninu sem bætist í á meðan á sýningu stendur, verk í þróun. Við verðum að vinna hér í það minnsta fyrstu þrjár sýningarvikurnar. Við höfum komið upp upptökuveri á staðnum og gerum „screen-test"-portrett af fólki," útskýrir Libia. Með screen-test á hún við myndbönd sem gerð eru af leikurum til að átta sig á því hvort þeir eru heppilegir í tiltekin hlutverk, t.d. í kvikmyndum eða auglýsingum. „Þetta eru viðtöl en þó ekki í hefðbundnum skilningi [...] við spyrjum fólk út í bakgrunn þess og líf, stöðu þess í íslensku samfélagi og tengingu við landið. Við erum, að vissu leyti, að búa til vettvangsportrett af samtímanum hér á Íslandi. Við leitum til fólks víðsvegar að úr þjóðfélaginu, með ólíkan bakgrunn og stöðu, til þess að góð heildarmynd náist af samfélaginu, því sem er að gerast."

Heimild um hugarfar

Meðan á sýningu stendur verður þessum viðtölum eða skjáprufum einnig varpað á veggi utan safnsins og fleiri upptökum eða portrettum bætt við meðan á sýningu stendur.

„Í næstu viku förum við að búa til næsta hluta og við vitum ekki hvernig lokamyndin verður. Áhorfandinn á möguleika á því að verða hluti af heildarmyndinni og fylgjast um leið með stórum hluta ferlisins," segir Libia. Verkið sé í raun lifandi, félagslegur skúlptúr sem hægt sé að fylgjast með í mótun. Menn lýsi skoðunum sínum á ýmsu er varðar íslenskt samfélag og eigin stöðu innan þess, auk þess að ræða um sjálfa sig. Því sé portrettið í raun tvíhliða. Libia bendir auk þess á að verkið verði heimild um ákveðinn tíma í Íslandssögunni. Heimild um hugarfar og samfélag.

Vefsíða listadúettsins:
www.olafur-libia.com


Morgunblaðið/Árni Sæberg

Libia og Ólafur Tengja listina og samfélagið með innsetningu í Hafnarhúsi.



Ráðherra Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra er ein þeirra sem dregið er portrett af á sýningunni Allir gera það sem þeir geta.

Drifkraftur tilverunnar

„NAFN sýningarinnar er tekið úr samræðum Libiu og föður hennar um hvatir og drifkrafta tilverunnar (og fólks) til að lifa af, án siðferðilegra eða siðrænna dóma. Kveikjan að samræðunum var mikið uppnám af völdum fjölskyldumeðlims sem þjáist af geðklofa og samfélags sem er tregt til að viðurkenna slíkan sjúkdóm til fulls og taka á honum."

„Líkt og fjölmargir aðrir listamenn síðustu tvo áratugina hafa þau valið að láta fjölbreyttan hóp einstaklinga taka þátt í listsköpun sinni. Þannig fara þau þá leið sem franski gagnrýnandinn og sýningastjórinn Nicolas Bourriaud hefur nefnt „venslalist" (relational art) og lýsti þannig að það væri „list sem finnur sér fræðilegan sjóndeildarhring á sviði mannlegra samskipta og í félagslegu samhengi fremur en á grundvelli framsetningar á óháðu og einstöku táknrænu rými" (1996). Þannig dvelja Libia og Ólafur oft löngum stundum á sýningarsvæðinu og vinna t.d. með grenndarhópum, samtökum aðgerðasinna, nýbúum og farandverkamönnum, að samskiptum og umræðum sem stuðla að samfélagslegri samheldni."

Brot úr texta Hafþórs Yngvasonar, safnstjóra Listasafns Reykjavíkur, um Ólaf og Libiu. Fengið af vefsíðu safnsins.

